


Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála

Fjallabyggð



Fjallabyggð auglýsir laust til umsóknar starf deildarstjóra stjórnsýslu og fjármála. Deildarstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra og er staðgengill hans. Um er að ræða áhugavert atvinnutækifæri í vaxandi sveitarfélagi fyrir einstakling sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, frumkvæði og góðum samskiptaþæfileikum. Um 100% starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og daglegur rekstur og mannauðsmál stjórnsýslu og fjármáladeildar
- Umsjón með fjármálum sveitarfélagsins og stofnana þess og eftirlit með fjárreiðum
- Undirbúningur funda bæjarstjórnar og bæjarráðs í samvinnu við bæjarstjóra og ritun fundargerða
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf til stjórnenda og kjörinna fulltrúa varðandi stjórnsýsluhætti, rekstur og mannauðsmál
- Undirbúningur og gerð fjárhagsáætlunar, auk eftirlits og eftirfylgni með framkvæmd
- Umsjón með launagreiðslum sveitarfélagsins
- Þátttaka í stefnumótun og framkvæmd stefnu í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af rekstri, fjárstýringu, áætlunargerð og stjórnun
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu, helst af vettvangi sveitarfélaga
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Almenn þekking á mannauðsmálum
- Framúrskarandi samskiptaþæfni
- Mjög góð tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga. Í sveitarfélaginu, sem telur rúmlega 2.000 íbúa, eru tveir þéttbýliskjarnar, bæirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður.

Bæirnir byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi og vinnslu fiskafurða. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist og mikill vaxtarbroddur er í ferðaiðnaði og ýmis konar fjarvinnslu fyrir fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.

Fjallabyggð er fjölskylduvænt sveitarfélag og eru þar tveir leikskólar, grunnskóli, framhaldsskóli og tónskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar.

Mikil náttúruvegur er í Fjallabyggð og margar góðar gönguleiðir liggja um sveitarfélagið. Í Fjallabyggð eru landspekkt sófn og menningarlífið blómstrar.

Nánari upplýsingar má finna á: www.fjallabyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og með **23. maí 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Launakjör eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225 og Elías Pétursson, bæjarstjóri (elias@fjallabyggd.is) í síma 464 9100.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir